

Texas/AI-Ko sláttuvélar

Með fjörgengismótor

ÁRÍÐANDI:

Athugið að sláttuvélin er afgreidd **án mótrolíu**, því **VERÐUR** að setja mótrolíu á vélina áður en hún er gangsett í fyrsta skipti. Notið annað hvort smávélaolíu (SAE-30) eða fjölþykktarolíu (10W-40). Hafið leiðbeiningar til hliðsjónar við áfyllingu olíunnar. Mikilvægt er að rétt magn olíu sé sett á vélina. Rangt magn skaðar vélina. Gætið þess að óhreinindi komist ekki í bensín eða olíu vélarinnar. Olíunni á ekki að blanda við bensínið.

Sláttuvél gangsett.

Athugið hvort olíumagn sé rétt. Því næst er sett nýtt 98 oktana bensín á benstíntankinn. Þrýstið 2-4 sinnum á bensíndælu vélarinnar en hana er yfirleitt að finna á hlið eða framhlið vélarinnar. Þetta þarf einungis að gera ef vélin er köld þ.e. hefur ekki verið notuð í einhvern tíma. Takið nú utan um öryggishandfang vélarinnar (efra handfangið), þrýstið því niður og haldið niðri. Nú fyrst er togað þéttingsfast í startsnúru og hún gefin varlega til baka. Við eðlilegar aðstæður fer vélin í gang við 1-3 tog. Munið að hér gildir lagni en ekki kraftur.

Stöðvun.

Vélin er stöðvuð með því að sleppa upp öryggishandfanginu.

Sé vél erfið í gang.

Athugið hvort nægilegt eldsneyti sé á vél. Athugið hvort kerti og loftsía eru í lagi. Hafi vélin yfirfyllst af bensíni og kerti blotnað nægir yfirleitt að láta vélina standa í 15 mínútur og reyna þá gangsetningu aftur. Ef ítrekaðar gangsetningar tilraunir bera ekki árangur er best að láta viðurkenndan þjónustuaðila yfirfara vélina. Ekki nota gamalt bensín

Viðhald/hreinsun.

Á fjörgengisvélum skal skipta um olíu eftir 2ja tíma notkun og síðan reglulega eftir hverja 25 notkunartíma. Notið annað hvort smávélaolíu eða fjölþykktarolíu (10W-40). Skipta þarf um kerti og loftsíur árlega eða fyrr eftir þörfum. Látið athuga bit hnífs reglulega og skipta um hann eftir þörfum til að tryggja sem bestan sláttuárangur. Eftir hverja notkun eru öll óhreinindi hreinsuð af vélinni og hún geymd á þurrum og upphituðum stað. Við geymslu lengur en einn mánuð er brýnt að fjarlægja allt bensín af benstíntanki og láta vélina ganga hægagang þar til drepst á henni. Hallið aldrei vélinni eða hvolfið.

Öryggi:

Notið ávallt viðeigandi hlífðarbúnað og gætið fyllstu varúðar við notkun vélarinnar. Aðgætið að allar öryggishlífar á vélinni séu til staðar. Snertið aldrei hníf eða annan búnað vélarinnar sem snýst meðan vélin er í gangi. Aftengið ætíð kertið áður en unnið er með hníf vélarinnar. Það er gert með því að lyfta kertahettunni varlega af kertinu. Gætið þess að halda eldi og neistum frá bensíni vélarinnar. Forðist reykingar nálægt vélinni og gangsetjið vélina aldrei innandyra.



HÚSASMÍDJAN

Sími 525 3000 • www.husa.is